

Reglur um umgengni og þrífnað við bátaskýlin við Lónsbraut

1. gr.

Markmiðið með reglum þessum er að tryggja góða umgengni á svæði sem skilgreint er sem „opið svæði til sérstakra nota“ og er við mörk fólkvangs sem friðlýstur er skv. 55. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

2. gr.

Eiganda eða umráðamanni bátaskýlis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri.

3. gr.

Búseta í skýlunum er bönnuð og skulu þau nýtast í tengslum við uppsátur og geymslu báta og starfsemi tengda því, sbr. deiliskipulag frá 24. júlí 2013 og ákvæði lóðarleigusamninga.

4. gr.

Óheimilt er að nota aðliggjandi land sem geymslusvæði og skilja eftir eða geyma lausamuni sem geta valdið skaða, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhær, skipsskrokka og hvers kyns drasl. Tryggja skal að aðgengi slökkviliðs sé ekki torveldað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

5. gr.

Heimilt er að fjarlægja þá lausafjarmuni sem getið er í 4. gr. á kostnað og ábyrgð eiganda. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri en einn mánuður sbr. 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.

Hreinsun húsa og báta skal haga þannig að ekki leiði til óþrífnaðar eða mengunar umhverfis. Rotþrær eru óheimilar á svæðinu og skal tengja allt frárennsli við frárennslislagnir Hafnarfjarðarbæjar, sbr. deiliskipulag frá 24. júlí 2013. Þær lagnir skulu þá vera í samræmi við *Samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði* frá 2008 eins og kemur fram í lóðarleigusamningum fyrir bátaskýlin.

7. gr.

Eigendum bátaskýla er heimilt að nýta sameiginlegt merkt svæði fyrir eigin bíla og báta. Hámarkstími fyrir bíl á sameiginlegu stæði er 1 vika en fyrir bát allt að 3 mánuðir. Með bílum er átt við fólkubíla á númerum og með bátum er átt við báta sem samrýmast stærð bátaskýlanna eða allt að 10 m að lengd. Ekki er heimilt að geyma lausamuni sbr. 4. gr. á þessu svæði eða fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna og fleira þess háttar.

Samþykkt í skipulags- og byggingarráði xxx 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar xxxx 2018.